

Ed.

569. Nefndarálit

[43. mál]

um frv. til jarðræktarlaga.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt með breytingum.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að fylgja breytingartillögum, er fram kunna að koma, svo og að flytja breytingartillögur.

Eiríkur Einarsson var ekki við, þegar endanlega var gengið frá tillögunum.

BREYTINGARTILLÖGUR.

1. Við 2. gr. Í stað tveggja síðustu málsl. greinarinnar komi:
Um kosningarrétt og kjörgengi til Búnaðarþings, tölu fulltrúa, kjördæmaskipun og kosningafyrirkomulag innan hvers kjördæmis fer eins og fyrir er mælt í lögum Búnaðarfélags Íslands.
2. Við 4. gr.
 - a. Á eftir orðunum „að veita bændum“ í síðustu málsgr. bætist: og öðrum.
 - b. Á eftir orðunum „fyrir ábúðarjarðir“ í sömu málsgr. bætist: eða eignarjarðir.
 - c. Á eftir orðunum „þar, sem sambandssvæði“ í sömu málsgr. bætist: eða starfssvæði héraðsráðunautar.
3. Við 6. gr. Aftan við 2. málsgr. bætist: Búnaðarsamböndin skulu árlega senda Búnaðarfélagi Íslands skýrslur um jarðræktarframkvæmdir innan síns umdæmis ásamt afriti af reikningum sínum.
4. Við 8. gr. Í stað orðaanna „skipulagssvæða kaupstaða, kauptúna og sjávar- og sveitarþorpa komi: skipulagssvæða byggingarlóða í kaupstöðum, kauptúnum og sjávar- og sveitaþorpum.
5. Við 11. gr. VII. c. Fyrir „4.50“ komi: 5.50.
6. Við 16. gr.
 - a. 1. töluliður orðist svo:
Að kaupa vélknúnar skurðgröfur, og ef nauðsyn þykir jarðræktarvélar, og annast rekstur þeirra.
 - b. Aftan við 3. tölul. bætist: eða aðilar leggja til.
7. Við 17. gr. Greinin orðist svo:
Skipa skal þriggja manna nefnd til fjögurra ára í senn, er nefnist vélanefnd ríkisins. Landbúnaðarráðherra skipar einn mann í nefndina án tilnefningar, og er hann formaður hennar, annan skipar hann samkvæmt tilnefningu Búnaðarþings, en hinn þriðja skipar hann verkfæraráðunaut Búnaðarfélags Íslands, hafi það slíkan mann í þjónustu sinni, en ella einn af jarðræktarráðunautum félagsins eftir tilnefningu stjórnar þess.
8. Við 33. gr. Greinin orðist svo:
Réttur til erfðaleigu á löndum þessum, svo og til veðsetningar á þeim, fer eftir lögum nr. 116 30. des. 1943, um ættaróðal og erfðaábúð, 46. gr., og lögum nr. 16 22. febr. 1950, um breyting á þeim lögum.
9. Við 36. gr. Greinin falli burt, og breytist greinatala samkvæmt því.

Alþingi, 21. apríl 1950.

Páll Zóphóníasson,
form., frsm.

Þorst. Þorsteinsson.

H. Guðmundsson.

F. R. Valdimarsson.